

**200. fundur skipulags-og bygginganefndar  
haldinn í fundarsal á 3. hæð, mánudaginn 8. ágúst 2016  
og hófst hann kl. 18:15**

**Fundinn sátu:**

Daði Jóhannesson (DJ) formaður, Guðbrandur Björgvinsson (GB) aðalmaður, Bjarndís Emilsdóttir (BE) 1. varamaður, Guðmundur Kristinsson (GK) embættismaður og Sigurbjartur Loftsson (SL) byggingarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Sigurbjartur Loftsson, skipulags- og byggingarfulltrúi

**Dagskrá:**

**1. 1310011 - Reitarvegur - deiliskipulag**

*Lagt er fram bréf dags. 29. apríl 2016 frá eigendum Reitarvegs 8 vegna fyrirhugaðs deiliskipulags við Reitarveg, ásamt skissum sem sýna snið í hæðarmælingar á svæðinu.*

**Ekki er hægt að vera við kröfum sem eru undir lið 1 og er skipulags- og byggingarfulltrúa falið að vinna áfram í málinu miðað við drög dags. 08.08.2016.**

**Lið nr. 2 er vísað til bæjarstjórnar.**

**2. 1504034 - Lágholt 15 - byggingarleyfi**

*Pétur Ágústsson, kt.250346-4259 fyrir hönd Hólmurinn ehf, kt.511072-0349 sækir um byggingarleyfi við austurhluta hússins til að gera innangengt úr íbúðinni í herbergi í viðbyggingu og þar með að gera húsið að einni heildstæðri íbúð, samkvæmt uppdráttum frá Onyx. Erindi var frestað á fundi 198 og grenndarkynnt fyrir Lágholti 7a og 7b og Árnatúni 6. Grenndarkynningu lauk 12.07.2016 og bárust enginn bréf.*

**Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfið að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.**

**3. 1608001 - Garðaflöt 6 - girðing og klæða bílskúr**

*Elsa Jóhannesdóttir van der Zwet, kt.060661-3169 sækir um að klæða bílskúr og girða lóð fyrir fram hús og aftan, samkvæmt uppdráttum frá Berglindi Sigv.*

**Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið. Breytingarnar falla undir gr.2.3.5 liði C og F í byggingarreglugerð. Skipulags- og byggingarfulltrúa er falið að gefa út leyfi samkvæmt gr.2.3.6 í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum. (DJ) situr hjá undir þessum lið.**

**4. 1608004 - Bókhlöðustígur 15 - Breytingar utanhúss**

*Gunnar Jónsson, kt.030573-5609 sækir um að fá að setja hurð út úr eldhúsi í stað glugga, samkvæmt uppdráttum frá Hjörleifi Sigurþórssyni BFI.*

**Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið, þó með fyrirvara um samþykki Minjastofnunar Íslands vegna aldurs hússins. Breytingarnar falla undir gr.2.3.5 liði C í byggingarreglugerð. Skipulags- og byggingarfulltrúa er falið að gefa út leyfi samkvæmt gr.2.3.6 í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.**

**5. 1608003 - Aðalgata 9 - Fyrirspurn**

*Ragnar Már Ragnarsson, kt.200373-5109 fyrir hönd Þórnýjar Baldursdóttur, kt.200775-3769 leggur inn fyrirspurn um grenndarkynningu vegna byggingar á lóð Aðalgötu 9, samkvæmt uppdrætti frá Ragnar Már Ragnarssyni BFI. Með umsókninni fylgir bréf dags. 05.08.2016.*

**Skipulags- og byggingarnefnd frestar afgreiðslu og óskar eftir grenndarkynningu samkvæmt gr. 44 í skipulagsreglugerð nr. 123/2010, þar sem ekki er til deiliskipulag af svæðinu. Grenndarkynnt verður fyrir Víkurgötu 1 og 2 og Aðalgötu 8 og 10.**

**6. 1606014 - Víkurgata 1 - Lóðarblað**

*Lagður er fram nýr lóðarleigusamningur og lóðarblað vegna Víkurgötu 1 eftir vegaframkvæmdir.*

**Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við erindið.**

**7. 1608002 - Reitarvegur 29 - Lóðarblað og lóðarleigusamningur**

*Lagður er fram nýr lóðarleigusamningur og lóðarblað til samþykktar fyrir Reitarveg 15, ásamt því að Reitarvegur 15 verður Reitarvegur 29 framvegis.*

**Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við erindið, með fyrirvara um samþykki þinglýsts eiganda.**

**8. 1408002 - Vatnsás - Götunöfn**

*Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir nöfnum á nýjar götur í Vatnsásdeiliskipulagi.*

**Skipulags- og byggingarnefnd leggur til nöfnin Klapparás fyrir götuna upp á ásnunum og Mýrarás fyrir götuna neðan við ásin.**

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30**